

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjórðarbúsins á fjórða ársfjórðungi 2006

Í dag verða birt á heimasíðu Seðlabanka Íslands bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fjórða ársfjórðungi 2006 og þar með árinu í heild og um stöðu þjórðarbúsins í lok árs 2006.¹

Viðskiptajöfnuður var óhagstæður um 91 ma.kr. á síðasta ársfjórðungi 2006. Á árinu 2006 í heild var hann óhagstæður um 305,4 ma.kr. samanborið við 164,8 ma.kr. árið áður. Halli var á öllum liðum viðskiptajafnaðar, vöru, þjónustu, þáttatekna og rekstrarframlaga, hvort sem litið er til fjórða ársfjórðungs eða ársins í heild. Þáttateknahallinn jókst mest á árinu, en gjöld meira en tvöfölduðust frá fyrra ári. Stærsta hluta þeirra má rekja til aukinna vaxtagjalda. Einnig veldur mikill hagnaður innlendra fyrirtækja í eigu erlendra aðila töluverðu þar um, því hann er færður til gjalda í jöfnuði þáttatekna og endurfjárfestingur á sama tíma í fyrirtækjunum og færist þá sem bein fjárfesting erlendra aðila á Íslandi.

Hreint fjárinnstreymi nam 405,7 ma.kr. á árinu. Brúttóinnstreymi fjár nam 1.796 ma.kr. og brúttóúttstreymi 1.390 ma.kr. Beinar erlendar fjárfestingar hér á landi námu 226 ma.kr. og beinar fjárfestingar Íslendinga í útlöndum 293 ma.kr. Að öðru leyti skýrist inn- og úttstreymi fjár að verulegu leyti af lánahreyfingum íslenskra fjármála-fyrirtækja.

Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna

	<i>Okt. - des.</i>		<i>Janúar - desember</i>	
	<i>2005</i>	<i>2006</i>	<i>2005</i>	<i>2006</i>
Viðskiptajöfnuður	-61,1	-91,0	-164,8	-305,4
Útflutningur vöru og þjónustu	75,2	89,6	323,2	370,1
Innflutningur vöru og þjónustu	-117,0	-141,2	-448,7	-571,1
Þáttatekjur og framlög, nettó	-19,3	-39,4	-39,3	-104,4
Fjármagnsjöfnuður	28,2	146,8	136,6	405,7
Hreyfingar án forða	25,1	239,9	143,0	492,9
Erlendar eignir, nettó	-616,9	-588,8	-1.427,9	-1.304,8
Erlendar skuldir, nettó	641,9	828,7	1.570,9	1.797,7
Gjaldeyrisforði (- aukning)	3,7	-92,5	-4,7	-85,4
<i>Skekkjur og vantalið, nettó</i>	32,8	-55,9	28,2	-100,3

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.sedlabanki.is>.

Skekkjuliðurinn í greiðslujafnaðaruppgjörinu var stór á síðasta fjórðungi liðins árs og stór í heildaruppgjöri ársins. Þess er að vænta að hann minnki eftir því sem nánari upplýsingar verða tiltækar. Vitað er að skekkjuliður skýrist að nokkru leyti af því að í þáttatekjum eru reiknaðir áfallnir vextir og ekki leiðrétt í fjármagnsjöfnuði fyrir mismun þeirra og greiddra vaxta. Aðallega skýrist hann þó af skorti á nákvæmum upplýsingum um undirliggjandi greiðslustrauma vöruviðskipta og fjármagnshreyfinga og tímasetningu þeirra.

Hrein staða við útlönd var neikvæð um 1.355 ma.kr. í lok árs 2006 og hafði versnað um tæpa 500 ma.kr. á árinu. Erlendar eignir námu 4.500 ma.kr. í lok árs en skuldirnar voru 5.855 ma.kr. í árslok 2006.

Nánari upplýsingar veitir Kristína Baldursdóttir forstöðumaður á upplýsingasviði bankans í síma 569-9600.